

1870.

8. marz.

á Hvítanesi í Ögurhrepp í Ísafjarðar-sýslu og Jón Þorsteinsson á Hesti í Súðavíkurrepp í sömu sýslu ábyrgjast, að ekkert sé til fyrirstöðu hjónabandi Þórðar snikkara Magnússonar á Borg í Skötufirði og Guðríðar Hafliðadóttur.

Með því málavextir eru svo, að meinbugir hafa verið á hjónabandi þessu samkvæmt D. L. 3—16—8, sendir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, fyrnefnt eptirrit, og mælist til að þèr látið hefja rannsókn um þetta efni, og síðan eptir málavöxtum lögsókn gegn svaramönnum fyrir þetta athæfi þeirra.

9. marz.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um árpening handa dannebrogsmanni.

Orðustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að hans hátign konunginum hafi allramildilegast þóknazt, 28. f. m., að veita dannebrogsmanni og sáttasemjara, fyrrum hreppstjóra Eiríki Helgasyni í Kampholti í Arnessýslu, árpening úr orðusjóðnum, sem skuli borgast honum með 50 rd. á ári.

Um leið og þetta tilkynnist yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtíð það, skal því viðbætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að borga hlutadeiganda 25. rd. á hverju misseri úr jarðabókarsjóðnum, ef hann hefir verið á lífi þann dag, er þessi konungsúrskurður var veittur.

12. marz.

26. Tilskipun fyrir Ísland, um uppreist á æru og fl. (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Útaf þegnlegri bænaraskrá frá alþingi bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Með þeim skilmálum, sem hèr á eptir segir, má veita þeim manni, sem hefir með dómi verið dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, uppreist æru sinnar,